

Fréttabréf



6. ÁRGANGUR // 3. TÖLUBLAÐ // OKTÓBER 2008

**Sameiningarviðræður við
Múrarafélag Reykjavíkur**

Afhending sveinsbréfa

Sól og sæla á Florída

Ljósmyndasamkeppni



Bridge

Byrjað verður að spila bridge kl. 19:30 fimmtudaginn 9.

október í Borgartúni 30 6.hæð.

Í vetur verður spilað á hálfsmánaðar fresti á þessum sama tíma en nánari upplýsingar um

fyrirkomulag og mót verður að finna á heimasíðunni www.fit.is



.....



Steindór 100 ára

Steindór Jónsson bifvélavirki, varð 100 ára þann 24. september s.l. Steindór fæddist á Steinum undir Eyjafjöllum og sleit barnsskónum þar. Steindór hóf störf í bifvélavirkjun 1939 og starfaði við það fram á efri ár.

Heldrimannaferð félagsins laugardaginn 20. september var tileinkuð aldarafmæli Steindórs og farið á æskustöðvar hans að Steinum undir Eyjafjöllum. Á sjálfan afmælisdaginn fór Hilmar Harðarson formaður FIT og heimsótti Steindór. Hann færði honum árnaðaróskir frá félaginu og myndaalbúm úr ofangreindri ferð ásamt glaðningi.

Varla þarf að geta þess að Steindór er elsti félagsmaður FIT.

Fréttabréf FIT
3. tbl. 6 árg. október 2008

Félag iðn- og tæknigreina
Borgartúni 30 - Sími 535 6000 - www.fit.is
Ábyrgðarmaður: Hilmar Harðarson
Prentun: Stafræna prentsmiðjan ehf.



Afslættir

FIT hefur samið um afsláttakjör til félagsmanna við Ísleif Jónsson ehf., Sportís, Tengi ehf. og Vatnsvirkjann ehf. Hér að neðan eru upplýsingar um afsláttinn sem þeir veita. Framvísa þarf félagsskírteini til að afsláttur fáiast.

Ísleifur Jónsson ehf.

Byggingavöruverslun - 10% afsláttur
Draghálsi 14-16 Reykjavík - www.isleifur.is

Sportís heildverslun

20% afsláttur af Cintamani fatnaði fyrir fullorðna og 10% afsláttur af Cintamani fatnaði fyrir börn.
Austurhrauni 3, Garðabæ - www.sportis.is

Tengi ehf.

10% afsláttur
Smíðjuvegi 76, Kópavogi - www.tengi.is

Vatnsvirkinn ehf.

15% afsláttur
Smíðjuvegi 5,
Kópavogi
www.vatnsvirkinn.is



.....

Heimasíðan

Heimasíðan er www.fit.is. Þar er að finna allar helstu upplýsingar um félagið og umsóknareyðublöð fyrir félagsaðild og styrki í sjóði félagsins. Minnum einnig á glæsilegan orlofshúsavef þar sem hægt er að skoða orlofskosti, sækja um og greiða raf-rænt og prenta út leigusamninga.

FÉLAGSMENN MUNIÐ www.fit.is



Hvað ber að skoða við uppsögn

Þegar þrengir að í efnahagslífinu eru uppsagnir einn af fylgifiskunum. En hvað þarf að hafa í huga ef uppsögn á sér stað. Skoðum fyrst hvaða lög takmarka frjálsan rétt vinnuveitenda á uppsögnum samkvæmt lögum. Fyrst er rétt að nefna lög um trúnaðarmenn stéttarfélaga en réttur þeirra er tryggður í lögum. „Atvinnurekendur og umboðsmönnum þeirra er óheimilt að segja trúnaðarmönnum upp vinnu vegna starfa þeirra sem trúnaðarmanna eða láta þá á nokkurn annan hátt gjalda þess, að stéttarfélag hefur falið þeim að gegna trúnaðarmannsstörfum fyrir sig. Nú þarf atvinnurekandi að fækka við sig verkamönnum, og skal þá trúnaðarmaður að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni.“ (80/1938). Af þessu sést að það geta verið forréttindi að vera trúnaðarmaður stéttarfélags á vinnustað.

Í öðru lagi er rétt að benda á lög um fæðingar- og foreldraorlof og lög um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna. Þessu til viðbótar verður að gæta að ákvæðum laga um stéttarfélög og vinnudeilur, laga um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna, laga um starfsmenn í hlutastarfi, laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum og samráðsskyldu laga við hópuppsagnir. Rétt er að hafa sérstaklega í huga að njóti starfsmaður uppsagnarverndar samkvæmt lögum ber vinnuveitenda að rökstyðja skriflega hvaða ástæður liggja að baki uppsögn.

SKRIFLEGAR UPPSAGNIR

Í síðustu kjarasamningum náðust mikilvægir áfangar varðandi uppsagnarákvæði. Þar ber fyrst að nefna að „allar uppsagnir skulu vera skriflegar og gerðar á sama tungumáli og ráðningarsamningur starfsmanns.“ Þarna er útilokaður sá möguleiki að menn geti greint á um hvort uppsögn hafi átt sér stað munnlega eða ekki, því munnleg uppsögn er ekki gild. Rétt er að geta þess að þessi ákvæði eru gagnkvæm þ.e. að starfsmanni ber einnig að



segja upp skriflega hyggist hann gera það. Uppsagnarfrestur er líka gagnkvæmur og misjafn bæði eftir starfsaldri í starfsgrein og hjá fyrirtæki.

VIÐTAL UM UPPSÖGN

Þá er einnig rétt að benda á að nú á starfsmaður rétt á viðtali um ástæður uppsagnar.

„Starfsmaður á rétt á viðtali um starfslok sín og ástæður uppsagnar. Beiðni um viðtal skal koma fram innan fjögurra sólarhringa frá því að uppsögn er móttækin og skal viðtal fara fram innan fjögurra sólarhringa þar frá.

Starfsmaður getur óskað þess þegar að loknu viðtali eða innan fjögurra sólarhringa að ástæður uppsagnar séu skýrðar skriflega. Fallist atvinnurekandi á þá ósk hans, skal við því orðið innan fjögurra sólarhringa þar frá.

Fallist atvinnurekandi ekki á ósk starfsmanns um skriflegar skýringar, á starfsmaður innan fjögurra sólarhringa rétt á öðrum fundi með vinnuveitanda um ástæður uppsagnar að viðstöddum trúnaðarmanni sínum eða öðrum fulltrúa stéttarfélags síns ef starfsmaður óskar þess.“

STARFSLOKASAMNINGAR

Margir fara þá leið í dag að gera samning um starfslok og er það yfirleitt góð leið. Þó ber að vara við því að menn skrifi undir starfslokasamning að óathuguðu máli. Skoðið vel hvað innihaldið er og áskiljið ykkur rétt til að leita aðstoðar trúnaðarmanns eða stéttarfélags varðandi samninginn ef þið teljið þörf á.

Hilmar Harðarson, formaður FIT.

Ljósmyndasamkeppni

Sumarmynd félagsmanna FIT 2008

Í síðasta fréttabréfi FIT var blásið til ljósmyndasamkeppni félagsmanna, sumarmynd FIT 2008. Alls bárust 30 myndir í keppnina að þessu sinni. FIT þakkar öllum sem sendu inn myndir og óskar vinningshöfum til hamingju. Allar myndirnar verða birtar í myndaalbúminu á heimasíðu félagsins. Verðlaunin fyrir 3 bestu myndirnar voru vikudvöl á vetrartímabili í einhverjum af orlofshúsum félagsins á Íslandi. Dómnefnd gerði ekki upp á milli þriggja mynda og eru þær birtar hér á síðunni.



Að veiðum við Urriðavatn - sendandi Niels Þór Ólafsson



Hoppað af gleði - sendandi Sveinn Jónsson



Sólarlag við Veidivötn - sendandi Kristinn Jóhannesson

Cintamani jakkar

Félagsmönnum stendur til boða að kaupa svartan Cintamani jakka með merki FIT

Um er að ræða kvenjakka, tegund Una verð kr. 13.368,- og herrajakka tegund Haraldur á kr. 14.368,-. Í versluninni Sportís að Austurhrauni 3, Garðabæ er hægt að máta jakka í öllum stærðum, einnig er þessi vara til í verslunum Útilífs, Cintamani verlsuninni að Laugavegi 11 ásamt fl. útsölustöðum. Þeir félagsmenn sem hafa hug á að nýta sér þetta er vinsamlegast bent á að panta jakka í gegnum verslun Sportís að Austurhrauni 3 í Garðabæ. Famvísa ber félagsskirteini um leið og jakkinn er pantaður og gildir þetta bara fyrir félagsmenn FIT. Greiða þarf jakkann um leið og hann er pantaður.



Haustferð heldri félagsmanna

Lagt var af stað í heldrimannaferð FIT laugardaginn 20. september s.l. Mjög góð mæting var og komu menn með góða skapið eins og til var ætlast. Hilmar Harðarson formaður FIT og Ármann Ægir Magnússon gjaldkeri höfðu umsjón með ferðinni. Að þessu sinni var ferðinni heitið á æskuslóðir Steindórs Jónssonar að Steinum undir Eyjafjöllum en Steindór náði þeim merka áfanga að verða 100 ára þann 24. september s.l.

Skoðaður var steinhellir og snæddur hádegisverður í Drangshlíð. Komið var við í Skógum þar sem Þórður safnvörður heilsaði upp á öldunginn. Á heimleiðinni var drukkið kaffi og snæddar rjómapönnukökur á Hellu.



Sól og sæla í sumarhöll á Flórída

Nýlega bættist nýr valkostur við orlofshúsaflórúna hjá félagsmönnum í FIT. Stórglæsileg villa í Windsor Hill resort-hverfinu, í nágrenni Orlando í Flórída.

Guðmundur I. Kristófersson, fulltrúi og eftirlitsmaður hjá Umferðarstofu dvaldi þar ásamt fjölskyldu sinni um síðustu páska. „Þetta var svona fjölskylduferð,“ segir Guðmundur, „við vorum níu manns í það heila. Sex fullorðnir og þrjú börn“.

MEÐ AUGUN OPIN Á HRAÐBRAUTINNI

Ferðalagið út gekk afskaplega vel. Við flugum beint frá Keflavík til Sanford sem er rétt fyrir utan Orlando. Þar beið okkar bílaleigubíll. GPS leiðsögutækið gerði manni afar auðvelt að ná áttum í vegakerfinu. Ég vil samt nota þetta tækifæri og vara fólk við því að búið er að færa fráreinina til Windsor Hill aðeins lengra niður eftir hraðbrautinni. Það var ekki búið að uppfæra það í leiðarkerfinu. Við stilltum heimilisfangið bara inn í GPS leiðsögutækið og fyrir utan þessa einu villu þá skilaði það okkur alla leið heim að dyrum. Við komum um nótt og það hefði verið mun erfiðara að finna þetta, ef við hefðum ekki verið með tækið.

REISULEGT OG RÚMGOTT HÚS

Þetta er stórglæsilegt hús. Húsið virkar mjög stórt að utan og það fór virkilega vel um okkur þarna. Öll heimilistæki eru í hæsta gæðaflokki, þvottavélin og ísskápurinn. Það er hægt að velja á milli mörg hundruð stöðva í sjónvarpinu, (sem að krökkunum þótti ekki leiðinlegt). Ekki minni lukku vakti pool-borðið í bílskúrnum og eyddum við talsverðum tíma í ballskák á kvöldin. Húsið er á tveim hæðum með 6 svefnherbergjum.

Fjögur þeirra eru með hjónarúmum og 2 herbergi eru með tveimur einbreiðum rúmum. Og það eru fjögur baðherbergi í húsinu. Í bakgarðinum er síðan lítil sundlaug og fínasti sólballur.



FRÁBÆRT HVERFI

Í þessu hverfi, sem er lokað almenningi er sameiginlegt svæði þar sem við höfum ókeypis aðgang að stórri sundlaug með vatnsrennibraut. Þar eru líka tennisvöllir, leikvöllir og klúbbhús með veitingastað. Krakkarnir voru mikið í klúbbhúsinu í alls konar leiktækjum sem þar eru. Þar er líka æfingasalur með líkamsræktartækjum, sem ég nýtti mér nú ekki mikið. Það er líka gaman að fara í stutta göngutúra um svæðið. Það er bæði hreint og fallett þó að enn sé reyndar verið að bæta við það og byggja. Fyllsta öryggis er gætt og vel fylgst með því hverjir koma inn á svæðið. Guðmundur mælir sterklega með því að fólk sem ætli að dveljast í húsinu fái sér bílaleigubíl. Það sé langeinfaldasti ferðamátinn þegar fara á eitthvað út fyrir svæðið.

FLORIDA BÝÐUR UPP Á FULLT AF MÖGULEIKUM

Það eru margir ólíkir skemmtigarðar í boði þarna á Orlando svæðinu og allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. „Þeir eru þó margir hverjir nokkuð dýrir og við fórum bara í Seaworld sædýragarðinn, að þessu sinni. Við höfðum heimsótt marga hina garðana í fyrri ferðum okkar til Flórída. Við fórum líka á eina mjög fína strönd í St. Petersburg. Ef fólk fer á ströndina, þá borgar sig að bera vel á sig af sólarvörn og börnin líka. Það gleymdist að bera á bakið á dóttursyni mínum og hann brenndist nokkuð illa. Fyrir okkur sem erum þunnhærðir þá er gott að vera með derhúfu eða hatt af einhverju tagi og bera á sig bestu vörn sem völ er á. Sólin er svo sterk þarna niður frá,” segir Guðmundur.



DRAUMA VERSLUNARSVÆÐI

Aðspurður um verslunarmöguleikana á svæðinu, segir Guðmundur þá vera fyrsta flokks. „Við fórum í hinar ýmsu verslunarmiðstöðvar. Meðal annars Florida Mall þar sem að kennir ýmissa grasa og svo eru líka alls konar outlet þarna sem er hægt að fá endalaust af fötum, skóm og annarri merkjavöru á afar lágu verði. Það borgar sig samt að finna heimilisföngin áður en lagt er af stað og stilla þau inn í GPS leiðsögutækið,” segir Guðmundur. Ég vil samt benda fólki á að ef það kys að koma með sitt eigið tæki að heiman, frekar en að leigja það með bílaleigubílnum, þá borgar sig að muna eftir því að kaupa GPS-kort fyrir Ameríku áður en lagt er af stað. Það er hægt að fá það í fríhöfninni til dæmis.”

WAL-MART KLIPPING

Matarinnkaupin eru afar hagstæð á Flórída og mekka matvöruverslananna er Wal-Mart. Guðmundur komst að því að það er ýmislegt



fleira hægt að fá ódýrt í Wal-Mart. „Já, ég gerðist svo frægur að láta klippa mig í Wal-Mart. Það kostaði sama og ekki neitt. Svo er líka hægt að fá hand- og fót snyrtingu þarna innandyra fyrir lítinn pening og konurnar í hópnum nýttu sér það. Matarmenningin í Flórída er síðan auðvitað víðfræg og það er hægt að finna allar mögulegar tegundir af veitingastöðum. Við fórum á marga veitingastaði. Yfirleitt fórum við þá inn í Orlando og það var alltaf mjög góður matur og þjónusta.”

STÓRGLÆSILEG FERÐ Í ALLA STAÐI

Guðmundur vill að lokum koma því á framfæri að hann er hæstánægður með þjónustuna hjá FIT. „Það var allt til mikillar fyrirmyndar. Hann Pálmi á skrifstofunni gaf mér helling af upplýsingum áður en ég fór og ég vil þakka honum kærlega fyrir. Hann á hrós skilið og félagið líka fyrir að bjóða upp á þetta frábæra sumarhús. Þetta var stórglæsileg ferð í alla staði. Mjög eftirminnleg.”



Skodið fleiri myndir af húsinu og aðstöðunni í Windsor Hill á nýjum orlofshúsavef FIT: www.fit.is

Afhending sveinsbréfa

FIT stóð fyrir hófi í Mörkinni 6 laugadaginn 26. september þar sem afhent voru sveinsbréf í bifvélavirkjun (15), bílamálun (4), bifreiðasmíði (5), húsasmíði (40), málaraíðn (13), pípulögnum (22), blikksmíði (4) og vélvirkjun (2). Alls var 105 nýsveinum boðið ásamt gestum og mættu um 200 manns í veisluna sem tókst með miklum ágætum.



Sveinar í bifvélavirkjun ásamt Hilmarí og Guðmundi Inga Skúlasyni.

Sveinar í bifreiðasmíði ásamt Hilmarí og Guðmundi Inga Skúlasyni.



Sveinar í bílamálun ásamt Hilmarí og Aðalsteini Sigurðssyni.





Sveinar í húsasmíði ásamt Hilmarí og Konráði Inga Torfasyni.

Sveinar í málaraíðn ásamt Þorsteini V. Sigurðssyni og Hilmarí.



Sveinar í pípulögnum ásamt Hilmarí Harðarssyni og Skarphéðni Skarphéðinssyni.

Sveinar í blikksmíði ásamt Hilmarí og Jóhanni Helgasyni.



Kynning á sameiningu

Múrarafélag Reykjavíkur og Félag iðn- og tæknigreina

HLUTVERK STÉTTARFÉLAGA

Hlutverk stéttarféлага í samfélagi nútímans hefur um margt breyst frá því sem áður var og gegna þau nú í auknum mæli þjónustuhlutverki samhliða því að vera málsvari og baráttutæki launafólks. Þróun samfélagsins hefur verið hröð undanfarin ár og hafa stéttarfélög lagað sig að breytttri samfélagsmynd með margvíslegum hætti eða allt frá því að auka samstarf sín á milli yfir í að sameinast og mynda stærri einingar.

Stjórnir Múrarafélags Reykjavíkur og Félags iðn- og tæknigreina ákváðu fyrir nokkru að hefja viðræður um hugsanlega sameiningu félaganna.

Tilgangurinn með viðræðunum hefur verið að finna leiðir til að auka þjónustustig félaganna og bæta kjör og menntun félagsmanna. Markmiðið er að búa til heildstætt félag sem hefur styrk til að mæta væntingum félagsmanna sinna til framtíðar.

ÖFLUGT FÉLAG TIL FRAMTÍÐAR

Skipulag félagsins byggir á því að lýðræði innan þess sé tryggt og að sem flestir félagsmenn í starfsgreinum og landsvæðum verði virkir í félagsstarfinu. Félagið verður opinn vettvangur fyrir félagsmenn til að koma málefnum á framfæri og leggja baráttunni fyrir bættum kjörum og félagslegu réttlæti lið. Heimasíðan og nýjasta samskiptatækni verður m.a. nýtt til að tryggja þetta. Félagið verður aðili að ASÍ og Samiðn og mun taka fullan þátt í starfi sambandanna. Lögð er áhersla á að Samiðn verði áfram til sem sterkt og öflugt samband fyrir félög í iðn- og tæknigreinum.

Aðalfundur verður æðsta vald félagsins og þar verður kosið til trúnaðarstarfa. Öllum fullgildum félagsmönnum verður heimilt að bjóða sig fram í einstök embætti.

Á aðalfundi verður auk þess fjallað um lög, reglugerðir, starfshætti og fjármál félagsins.

Trúnaðarráð verður skipað 33 aðalmönnum og 33 varamönnum ef af sameiningu verður. Múrarafélagið fengi 2 fulltrúa og 2 til vara. Kjörtímabil verður tvö ár og kosið um helming ráðsins árlega á aðalfundi félagsins. Auk þess munu allir trúnaðarmenn félagsins á vinnustöðum eiga sæti í trúnaðarráði. Trúnaðarráð auk stjórnar verður samninganefnd félagsins.

Stjórn félagsins verður skipuð 13 aðalmönnum þar sem Múrarafélagið fengi einn mann. Varamenn í stjórn verða 5 og eru boðaðir á stjórnarfundum og hafa þar málfrlsi og tillögurétt.

Stjórnarmenn verða kosnir til tveggja ára í senn. Kosningu verður skipt milli ára þannig að annað árið verður kosinn formaður, ritari, 5 meðstjórnendur og tveir varamenn en hitt árið varaformaður, gjaldkeri, fjórir meðstjórnendur og þrír varamenn.

Stjórn félagsins ber ábyrgð á öllum rekstri og starfi innan félagsins en gert er ráð fyrir að hún geti falið öðrum framkvæmd ýmissa mála.

AÐALSTJÓRN FÉLAGSINS FER JAFNFRAMT MEÐ STJÓRN ALLRA SJÓÐA FÉLAGSINS.

Félagar geta þeir orðið sem starfa í eftirtöldum iðngreinum: bygginga- og mannvirkjagerð, farartækja- og flutningsgreinum, hönnun, listum, handverki, mál- og véltæknigreinum, þjónustugreinum og náttúrunýtingu. Auk þess namar í áðurtöldum greinum.

Félagssvæði verður það sama og hjá núverandi félögum en misjafnt eftir starfsgreinum. Þannig nær t.d. náttúrunýting (garðyrkja) yfir allt landið og farartækjapátturinn að mestu leyti. Sama má segja um blikksmiðahluta málmtækninnar. Félagssvæði byggingageirans mun ná yfir Hafnarfjörð og Suðurkjördæmi (að undanskildum Hornafirði) en pípulagnir og múrverk yrðu á landsvísu.

Félag iðn- og tæknigreina er einnig aðili að stóriðjusamningum við Alcan (Ísal), Íslenska járnblendifélagið og Norðurál.

FAGGREINAFUNDIR OG FRÆDSLUMÍÐSTÖÐVAR

Við sameiningu félaganna verður engin breyting á aðild starfsgreina að Iðunni fræðslusetri og fræðslumálum garðyrkjugeirans. Faggreinafundir verða mikilvægur þáttur í starfseminni. Þó kjaramál falli að mestu leyti undir stjórn og samninganefnd / trúnaðarráð félagsins þykir nauðsynlegt að skapa vettvang þar sem einstakar faggreinar innan félagsins geta rætt þann hluta kjaramála sem er sértækur fyrir viðkomandi faggrein en einnig er þar vettvangur umræðna um menntamál og önnur sérmál.

MEGINMARKMIÐ

Helstu markmið félagsins verða:

- Að gæta hagsmuna félagsmanna í kjara- og réttindamálum.
- Að vera öflugt fagfélag sem er stefnumótandi í menntamálum og gæta hagsmuna félagsmanna á sviði mennta og fagmála.
- Að vera öflugur bakhjarl félagsmanna með öflugum tryggingasjóðum
- Að veita félagsmönnum fyrirmyndarþjónustu og vera öflugt í upplýsingagjöf til þeirra
- Að kynna starfsgreinar félagsmanna þannig að þær verði eftirsóknarverður starfsvettvangur.
- Að vera opinn vettvangur félagsmannsins til að hafa áhrif á faglega stöðu sína, kjör og réttindi.

Á TRAUSTUM GRUNNI

Félagsmenn þeirra félaga sem standa að sameiningunni eru um 4500 og eignir félaganna rúmur 1,4 milljarður króna ef miðað er við síðustu áramót.

MARKVISS ÞJÓNUSTA

Þjónustuþátturinn er einn megin ávinningur sameiningarinnar í því markmiði að sinna félagsmönnum, trúnaðarmönnum, nefndarmönnum og öðrum hagsmunaaðilum með markvissum hætti. Þeir hafi greiðan aðgang að upplýsingum og sérfræðiþjónustu þar sem þeir fá skjóta úrlausn sinna mála. Þetta markmið nær yfir alla starfsemi félagsins hvort sem það tengist félagslegu eða faglegu starfi þess. Áfram verður rekin mælingastofa á vegum félagsins í Skipholti. Því til viðbótar eru skrifstofur á Akranesi, Selfossi, Suðurnesjum og Vestmannaeyjum og aðalskrifstofa í Borgartúni 30 í Reykjavík.

Ekki liggja fyrir endanlegar hugmyndir um hvernig mannhald hins nýja félags yrði háttað en gera má ráð fyrir að 1 mælingamaður múrara verði á mælingastofunni auk þess sem fjölgað yrði á aðalskrifstofunni í Borgartúni.

Félagið mun vinna að því að trúnaðarmenn verði starfandi á öllum vinnustöðum með tíu manns eða fleiri og á sem flestum með 5-10 manns. Leitast verður við að koma upp tengslaneti á vinnustöðum þar sem ekki eru trúnaðarmenn.

STERKIR SJÓÐIR

Sjúkrasjóður félagsins hefur það meginverkefni að tryggja afkomu sjóðsfélaga ef veikindi eða slys ber að höndum. Það verður gert með tekjutengdum greiðslum, 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu sex mánuðum í

allt að 270 daga, sem hefjast þegar veikindarétti hjá launagreiðanda lýkur og þar til sjóðsfélagi verður vinnufær að nýju eða hefur kost á bráðabirgðaörorku frá lífeyrissjóði. Auk þessa getur sjóðsfélagi á sama tíma, sótt dagpeninga til Tryggingastofnunar u.þ.b. 30 þús. krónur á mánuði.

Einnig tryggir sjóðurinn afkomu sjóðsfélaga ef um langvarandi veikindi maka eða barna er að ræða sem leiða til tekjumissis sjóðsfélaga.

Sjóðurinn mun taka þátt í fyrirbyggjandi meðferðum á fjölbreyttan hátt og er félagsmönnum veitt fagleg ráðgjöf um úrræði ef veikindi eða slys verða. Verður það gert með upplýsingagjöf til sjóðsfélaga og lögfræðilegri aðstoð þar sem hún á við.

VINNUDEILUSJÓÐUR

Öflugur vinnudeilusjóður er nauðsynlegt hjálpartæki til að ná sem bestum árangri í kjaraviðræðum. Hlutverk sjóðsins verður að tryggja félagsmönnum framfærslu ef til vinnudeilu kemur. Verulegir fjármunir liggja í þeim sjóði nú þegar.

ORLOFSSJÓÐUR

Félögin eiga í dag 31 orlofshús og eru þau flest vel búnir heilsársbústaðir með heitum pottum eða gufu-baði. Ýmsir aðrir kostir eru í boði yfir sumartímann t.d. tjaldvagnar og boðið hefur verið upp á ódýrar ferðir til Spánar í samstarfi við ferðaskrifstofur. Félagið á glæsilegt einbýlishús í Orlando á Flórída og hefur yfir að ráða íbúð í Torre Vieja á Spáni sem er til útleigu árið um kring. Áfram verður unnið að uppbyggingu orlofsvalkosta félagsmanna bæði hér á landi og erlendis. Varðandi eignarhlut Múrarafélagsins í orlofsjórdinni í Öndverðanesi er ekki gert ráð fyrir neinum breytingum. Fulltrúar múrara innan FIT færu með málefni Öndverðarness. Hugsanlegt er að bætt yrði við 1-3 sumarhúsum fyrir félagsmenn. Allar hugmyndir og ákvarðanir yrðu teknar í samvinnu við Múrarameistarafélagið

KOSNING UM SAMEINGU

Það er á valdsviði hvors félags að ákveða hvernig kosning um sameiningu fer fram. Hvort félag kys fyrir sig og talið verður í hvoru félagi fyrir sig. Samkvæmt lögum félaganna þarf tvo þriðju hluta greiddra atkvæða til þess að sameining sé samþykkt. Hvort félag skipar sína kjörstjórn allt eftir lögum félaganna og lögum ASÍ.

Guðlaugur Karlsson, *formaður Múrarafélags Reykjavíkur*
Hilmar Harðarson, *formaður Félags iðn- og tæknigreina*




Enginn sparnaður stenst samanburð við séreignarsparnað

Sameinaði lífeyrissjóðurinn er öflugur og óháður lífeyrissjóður sem býður upp á hagstæðan séreignarsparnað.

Ávöxtunarleið við hæfi hvers og eins

Hjá Sameinaða lífeyrissjóðnum er í boði úrval ávöxtunarleiða fyrir séreignarsparnað allt eftir óskum hvers og eins. Aldursleið er þjónusta fyrir þá sem vilja láta færa inneign sína sjálfkrafa milli eignasafna eftir því sem aldurinn færir yfir og fá þannig heppilega áhættudreifingu miðað við sparnaðartímann. Annar kostur er að búa til sitt eigið safn séreignarsparnaðar með því að velja fasta Aldursleið eða skipta sparnaði sínum á tvær eða fleiri Aldursleiðir.

Eignasamsetning Aldursleiða*



Góð ávöxtun, lágur kostnaður og persónuleg þjónusta

Hjá Sameinaða lífeyrissjóðnum er ávöxtun í höndum sérfræðinga sem stýra eignum sjóðsins. Mikil áhersla er lögð á faglega ráðgjöf og persónulega þjónustu.

Virkt innheimtuferli

Ef vanskil verða sér sjóðurinn um að innheimta þau ásamt dráttarvöxtum og hvort tveggja leggst óskipt á séreignarreikning sjóðfélaga.

Örorkuvernd

Með séreignarsparnaði býður Sameinaði lífeyrissjóðurinn einnig Örorkuvernd, sem er valfrjálts váttrygging,* ætluð þeim sem eru að koma út á vinnumarkaðinn í fyrsta skipti, á meðan þeir ávinna sér rétt til örorkulífeyris hjá lífeyrissjóðum.

Skráðu þig strax í séreignarsparnað hjá Sameinaða lífeyrissjóðnum á www.lifeyrir.is – það borgar sig!



Borgartúni 30 • 105 Reykjavík • Sími 510 5000 • lifeyrir.is

*Váttryggingandi er Váttryggingafélag Íslands.